

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 28. febrúar kl. 13:00 var haldinn 315. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arndal, Hildur Björnsdóttir að hluta, Vala Valtýsdóttir, Páll Gestsson að hluta, Guðjón Viðar Guðjónsson, í fjarveru Valgarðs Lyngdal Jónssonar, og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum og Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála OR.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 314 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála, Benedikt Kjartan Magnússon, verðandi framkvæmdastjóri fjármála, Gísli Björn Björnsson og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds og kynntu drög að ársreikningi ársins 2021. Umræður. Reikningurinn verður lagður fram til samþykktar á fundi stjórnar þann 8. mars nk.

Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir óska bókað:

Góður árangur var af rekstri OR á árinu 2021 og er ánægjulegt að sjá að launakostnaður og rekstrarkostnaður í heild hafa lækkað milli ára. Rétt er að benda á að skuldir OR eru rúmir 200 milljarðar um áramót sem talsvert umfram markmið OR en gert var ráð fyrir að skuldir væru 192 milljarðar í árslok 2021. Þetta gerist þrátt fyrir að fjárfestingar séu 3 milljörðum minni en gert var ráð fyrir.

Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslu, dags. 28.02.2021. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna eða tæplega 1,9% af eigin fé í árslok 2021.

Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2022-2026.

Afgreiðslu tillögunnar frestað til fundar 8. mars nk.

Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 28.02.2022. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur veitir Bjarna Bjarnasyni og Benedikt Kjartani Magnússyni fullt og ótakmarkað umboð til þess að draga á lán samkvæmt viðskiptasamningi um lánalínu á gildistíma hans samanber grein 4 (Lánsbeiðnir) í samningnum, að fjárhæð ISK 4.000.000.000 milli Landsbankans hf. og Orkuveitu Reykjavíkur, dags 24.06.2011.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Lögð fram áhættuskýrsla, dags. 14.10.2021.

Klukkan 14:20 mætti Gylfi Magnússon til fundarins og Páll Gestsson yfírgaf fundinn.

3. Klukkan 14:22 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri til fundarins og gerði grein fyrir vinnu sem unnin hefur verið með starfsfólki vegna niðurstöðu vinnustaðagreiningar sem kynnt var á síðasta fundi. Umræður.

Klukkan 14:50 vék Hildur Björnsdóttir af fundi.

4. Klukkan 15:00 mættu Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi og Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstýra til fundarins og lögðu fram til samþykktar ársskýrslu fyrir árið 2021. Umræður.
Ársskýrslan samþykkt og verður undirrituð rafrænt.

5. Lagt fram minnisblað, dags. 28.02.2022 til upplýsinga, um samantekt á störfum stjórnar fyrir árið 2021. Umræður.

6. Mat á störfum forstjóra. Frestað.

7. Klukkan 15:15 mættu Birna Bragadóttir og Eiríkur Hjálmarsson til fundarins og gerðu grein fyrir stöðu framkvæmda og áætlunum í Elliðaárdal.

8. Klukkan 15:53 mætti Hildigunnur H. Thorsteinsson til fundarins og lagði fram að nýju tillögu frá síðasta fundi (SF 314) um að stofna 100 milljóna kr. rannsóknarsjóð OR til að styrkja rannsóknir tengdar heimsmarkmiðum, sem OR leggur áherslur á. Umræður.
Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Klukkan 16:00 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri til fundarins og kynnti stefnuáætlun samstæðu fyrir árið 2022.

Klukkan 16:07 yfírgaf Unnur Líndal fundinn.

10. Lögð fram innkaupastefna Orkuveitu Reykjavíkur, lagt er til að hún verði samþykkt óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.

11. Skýrsla regluvarðar: Frestað til næsta fundar.

12. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 28.02.2022 og minnisblað um forðagæslu, dags. 24.02.2022. Umræður.

13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 24.02.2022. Umræður.

14. Önnur mál.

- Gestur Pétursson mætti til fundarins kl 16:20.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:27.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. mars 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Páll Gestsson,
Eyþór Laxdal Arndal, Hildur Björnsdóttir,
Guðjón Viðar Guðjónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 24. janúar kl. 13:00 var haldinn 314. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Katrín Atladóttir í fjarveru Eyþórs Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Vala Valtýsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum og Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála OR.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 313 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:00 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri til fundarins og kynnti niðurstöður vinnustaðagreiningar sem framkvæmd var meðal starfsfólks Orkuveitu samstæðunnar í desember 2021. Umræður.
3. Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar og kynnti breytta skipan áhætturáðs OR. Umræður.
4. Klukkan 13:40 mættu til fundarins innri endurskoðandi OR, Hallur Símonarson og Jenný Stefanía Jensdóttir, lögðu fram og kynntu minnisblað, dags. 17.01.2022. Umræður.
5. Klukkan 14:10 mættu Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi og Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstýra til fundarins og kynntu drög að ársskýrslu ársins 2021. Umræður.
6. Klukkan 14:24 mætti til fundarins Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastýra Rannsóknar og nýsköpunar, kynnti tillögu um að stofna rannsóknarsjóð OR til að styrkja rannsóknir tengdar heimsmarkmiðum sem OR leggur áherslu á. Ákvörðun frestað til febrúarfundar en lögð áhersla á að undirbúningi verði haldið áfram.
7. Lögð fram fundargerð byggðaráðs Borgarbyggðar, dags. 7.01.2022 með svohljóðandi bókun:

Byggðarráð Borgarbyggðar tilkynnir hér með að sveitarfélagið hefur gert samning við KPMG um að yfirfara og leggja mat á þær forsendur sem liggja að baki minnisblaði rýnishóps, dags. 9. desember 2020, en niðurstöður rýnihópsins fela í sér verulegar fjárhæðir og hagsmuni fyrir sveitarfélagið Borgarbyggð og íbúa þess. Rýnihópurinn byggði sitt álit á upplýsingum og gögnum frá sérfræðingum OR og þeirra vinnu. Byggðarráð óskar hér með formlega eftir því að Orkuveita Reykjavíkur veiti KPMG fyrir hönd sveitarfélagsins aðgengi að þeim gögnum, útreikningum og sjóðstreymislíkönnum sem vísað er til í minnisblaðinu, þeim forsendum sem þar liggja að baki svo og aðgengi að sérfræðingum sem unnu greiningar til að fá nánari skýringar eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn samþykkir að vísa erindinu til eigenda.

8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 19.01.2022.

9. Skýrsla forstjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 20.01.2022, lögð fram.
Umræður.
10. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:45

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. febrúar 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Katrín Atladóttir, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Undirritunarsíða

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Hildur Björnsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson


Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir

Vala Valtýsdóttir

Katrín Atladóttir



Rannsóknarsjóður OR

Hildigunnur
Thorsteinsson,
framkvæmdastýra R&N

24.2.2022

Tillaga

Leggja til 100 mkr í
rannsóknarsjóð fyrir
rannsóknir tengdar þeim
heimsmarkmiðum sem OR
leggur áherslu á.



Markmið sjóðsins

- Að stuðla að og styrkja rannsóknir á starfssviði fyrirtækisins með áherslu á þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem eru í forgangi hverju sinni í samræmi við stefnu fyrirtækisins.
- Gera rannsóknir á vegum fyrirtækisins sýnilegri
- Hvetja almennt til rannsókna á viðkomandi sviðum
- Fá efnilega meistara- og doktorsnema til að sinna rannsóknum á verksviði OR með framtíðar starfsfólk í huga.

Fyrirkomulag sjóðsins

- Lagt upp með að OR leggi árlega til 100 milljónir króna í sjóðinn
- Árlegt framlag samþykkt sem hluti af spágerð félagsins árlega
- Gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður sjóðsins sé innifalinn í því framlagi
- Nú samsvarar þetta um 0,2% af veltu samstæðu
- Fjármagni úthlutað til rannsókna samkvæmt reglum sjóðsins



Stjórnskipan sjóðsins - stjórn

- Stjórn sjóðsins skipuð forstjóra OR, formanni stjórnar OR ásamt einum utanaðkomandi aðila.
 - Setur úthlutunarreglur
 - Skipar fagráð
 - Forstjóri og formaður stjórnar OR skipa ytri aðilann í stjórn
- Gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins upplýsi stjórn OR a.m.k. einu sinni á ári um framgang sjóðsins og árangur rannsóknarverkefna



Stjórnskipan sjóðsins – fagráð

- Fagráð sjóðsins skipa framkvæmdastýra Rannsóknar og nýsköpunar hjá OR ásamt sérfræðingum á sviðum þeirra heimsmarkmiða sem eru í forgangi hjá OR.
 - Alls 4-5 manns.
 - Framkvæmdastýra R&N verður formaður fagráðs en ytri aðilar fulltrúar mismunandi háskóla og fagsviða.
 - Fagráðið útfærir umsóknarferli skv úthlutunarreglum



Úthlutunarferlið

- Sérfræðingar rýna umsóknir og gera umsagnir eftir stöðluðu formi
- Fagráð stýrir umsóknarferlinu og rýni umsókna og gerir tillögu til stjórnar sjóðs um úthlutun
- Stjórn ákveður úthlutun

Úthlutanarreglur

- Við ákvörðun á stærð styrkja er horft til þess að þeir skipti máli og að dreifa ekki fjármagninu á of marga.
 - Einn stóran og nokkra smærri
 - Horft verði til að þess hafa sérflokk fyrir nemendaverkefni þar sem nemendur sækja sjálfir um
 - Gert ráð fyrir mismunandi úthlutunarreglum eftir tegund og stærð styrkja
- Sett verða skilyrði um skil á niðurstöðum

Áætlaður rekstrarkostnaður

Fyrsta árið

Verkliður	Umfang	Kostnaður í mkr
Uppsetning sjóðsins	2,5 mannmánuður	7,5
Árlegt utanumhald	1,5 mannmánuður	4
Uppsetning vefsíðu og umsóknargáttar	Tæp vika	0,5
Auglýsingar og miðlun		1
Rýni umsókna	100 umsóknir	0-2
Stjórn og fagráð utanaðkomandi	6 fundir	0,5
Samtals		13,5-15,5

Árlega eftir það

Verkliður	Tími	Kostnaður í mkr
Árlegt utanumhald	1,5 mannmánuður	4
Auglýsingar og miðlun		1
Rýni umsókna	100 umsóknir	0-2
Stjórn og fagráð utanaðkomandi	6 fundir	0,5
Samtals		5,5-7,5

Nafn sjóðsins

Hugmynd að efna til nafnasamkeppnar á samfélagsmiðlum um nafn á sjóðinn.

- Vekur athygli á jákvæðan hátt.
- Góð reynsla frá öðrum nafnasamkeppnum á t.d. Lofthreinsistöðinni.

Tímaáætlun

jan

Tillaga um stofnun rannsóknarsjóðs til kynningar hjá stjórn OR

feb

Tillaga um stofnun rannsóknarsjóðs til ákvörðunar hjá stjórn OR ásamt upplýsingum um undirbúning

mar – apr

Fyrsti fundur stjórnar sjóðsins, skipun fagráðs, úthlutunarreglur settar

maí

Auglýsing eftir styrkumsóknum með umsóknarfrest 15. júní

ágú

Úthlutun styrkja

Takk fyrir



SAMEIGINLEGAR ÁHERSLUR, VERKEFNI & MARKMIÐ 2022

EIN LIÐSHEILD



HAGKVÆMNI

Góður samfélagsþegn

	Hringrásarveitan
	Þróunarsvæði – Skerjafjörður
	Græn fjármál



Staða lok 2021	Markmið 2023
6,1	6,3



SJÁLFBÆR ÞRÓUN

	Aukin niðurdæling
	Silfurberg
	Fráveita hringrásarhagkerfi
	Orkuskipti í höfnum
	Framtíðarsýn auðlinda

Léttara kolefnisspor



Staða lok 2021	Markmið 2023
-21%	-40%



VERKEFNAMENNING

Ánægt starfsfólk

	Ein liðsheild-teymisvinna
	Verkefnamiðuð vinnuaðstaða
	Innleiðing og skipulag



Staða lok 2021	Markmið 2023
4,3	4,5

Heil heim



Staða lok 2021	Markmið 2023
-3,1%	-3,6%



STAFRÆN ÞRÓUN

	Tækifæri snjallvæðingar framtíðar
	Samræmd stafræn lausn
	Rauntímayfirlit verkefna
	Allt á einum stað

Fjölgun rafbíla



Staða lok 2021	Markmið 2023
26.052	40.000


MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn félags
Sendandi: Elentínus G. Margeirsson
Dagsetning: 15.01.2022
Efni: ***Innkaupastefna OR***

Umfjöllun minnisblaðsins tekur mið af stefnumiðaðri stjórnun

Tilgangur *Markmiðsferlis STJ-011* er að tryggja eftirfylgni með stefnu þannig að öllum sé ljóst hvert við stefnum, að markmiðum verði miðlað, árangur metinn og brugðist verði við frávikum og áskorunum í rekstri.

Ábyrgðaraðilar stefnu vakta árangur, markmið og mælikvarða, samhliða áskorunum í rekstri og upplýsa stjórnir og stjórnendur í skipuriti um framangreind atriði.



Stefna, markmið og mælingar hjá félaginu

Innkaupastefn OR er lögð fram óbreytt.

Markmið stefnunnar er að beita opnum útboðum við kaup á vöru, þjónustu og verkframkvæmdum. Tryggja hagkvæmni, jafnræðis og gagnsæi við Innkaup að teknu tilliti til sjálfbærnisjónarmiða s.s. gæða-, heilbrigðis-, mannréttinda-, umhverfis-, upplýsingaöryggis- og öryggissjónarmiða.

Hlutfall útboða af heildarinnkaupum er mælt og markmiðið er að 65% af innkaupum OR samstæðunnar sé framkvæmt með útboði. Upplýsingar um árangur eru teknar saman árlega og birtar í ársskýrslu samstæðunnar.

Siðareglur birgja hafa verið innleiddar og hafa allir birgjar verið beðnir um að skrifa undir. Upplýsingar um hlutfall þeirra sem hafa skrifað undir er að finna í ársskýrslu OR.

Námskeið eru í boði fyrir starfsfólk OR samstæðunnar sem fara yfir m.a.:

- Innkaupareglur OR
- Innkaupaferil OR
- Lög um opinber Innkaup
- Útboð og verðfyrirspurnir

Innkaup eru að innleiða skráningu kolefnisspors í innkaupum vöru og þjónustu.

Helstu verkefni og áskoranir félagsins

Innleiðing kolefnisspors í vörukaup. Fyrsta útboðið var framkvæmt í lok árs 2020 þar sem óskað var eftir kolefnisspori en gögnin voru ekki metin til vægis í samanburði tilboða.

Útboð í verkframkvæmdum er nú með kolefnisspor sem einn lið í mati á útboðum. Verktakar sem nota umhverfisvæn ökutæki/vinnuvélar í vinnu fyrir OR samstæðuna hafa möguleika á því að afla stiga þegar kemur að mati tilboða í útboði.

Helstu áskoranir eru að tryggja gott flæði upplýsinga til starfsmanna OR samstæðunnar um mikilvægi þess að fylgja lögum þegar kemur að opinberum innkaupum. Einnig tryggja það að rekstur OR samstæðunnar sé á sama tíma tryggður með réttum aðföngum.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 315
Sendandi: Snorri Jökull Egilsson, sérfræðingur í umhverfismálum OR
Dagsetning: 28. febrúar 2022
Efni: Umhverfismál fyrir stjórn OR febrúar 2022. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvögina „Umhverfi og samfélag“

Heiti mælikvarða	2019				2020				2021				2022			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt													*			
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt													**			
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*1.ÁF: 11x óhreinsað skólp í sjó í Reykjavík, 1x útafakstur í Heiðmörk.

**1.ÁF: Varmamengun í lindum við Þingvallavatn 1x jarðskjálfti við Hverahlíð, 2x varmalosun við Hellsheiðarvirkjun, 2x varmalosun við Nesjavallavirkjun, 2x lofthreinsistöð á 50% afköstum, 1x vatnsborðshækkun í Skorradalsvatni.

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og CarbFix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR: Ekkert nýtt.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Samskipti við hagsmunaaðila:

- Fundur með hagsmunaaðilum jarðgufuvirkjana verður haldinn í mars.
- Fundur með hagsmunaaðilum Andakilsárvirkjunar verður haldinn um leið og Covid leyfi
- Losun á yfirborð á Nesjavöllum frá 5.febrúar. Tilkynnt 8. og 17. febrúar.
- Rennsli á yfirfall við Hellsheiðarvirkjun 11.-13. febrúar. Tilkynnt 17.febrúar.
- Lofthreinsistöð á 50% afköstum 4.-17.febrúar. Tilkynnt 17.febrúar.
- Jarðskjálfti 3.2 í Hverahlíð. Tilkynnt 14. febrúar. Sjá vefsíðu ON: <https://www.on.is/frettir/jardskjalfti-a-hengilssvaedinu/>

Leyfi: Tímabundið starfsleyfi fyrir vetnisstöð á Hellsheiði rennur út í lok árs, undirbúningur endurnýjunar er hafinn.

Staða auðlinda. Sjá minnisblað framkvæmdastýru R&N um forðagæslu.

VEITUR:

Fráveita:

Vegna úrhellis, rafmagnstruflana og bílana:

- Opnaðist neyðarlúga við Skeljanes 5 sinnum í janúar en lúgan var opin í samtals 10 klst.
- Í febrúar hafa neyðarlúgur opnast við stöðvarnar Skeljanes, Klettagarða, Ingólfsstræti og Boðagranda 6 sinnum samtals í 20 klst samtals þvert á stöðvarnar.

Rafveita:

- Spennir fjarlægður í leyfisleysi á Vatnsendahæð og án samráðs við Veitur. Um 2,2 kg af SF6 gasi sem jafngildir um 50 tonnum CO₂-ígilda losnuðu út í andrúmsloftið.
- Við lagningu lögbergslínu í jörð var farið rétt inn fyrir verndarsvæði við Tröllabörn við Suðurlandsveg. Tekið á málinu innanhús og góð samskipti við umhverfisstofnun.

Leyfi: Unnið er að endurnýjun leyfa fyrir hreinsistöðvarnar á Akranesi og Borgarnesi.

CARBFIX:

- Coda Terminal verkefnið.** Carbfix hélt opinn íbúafund fyrir Hafnafirðinga um verkefnið þann 14. febrúar sl. Sævar Helgi Bragason stýrði fundi, Edda Sif framkvæmdastýra Carbfix hélt framsögu og auk þess voru Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði, Bjarni Már Gylfason, upplýsingafulltrúi RioTinto á Íslandi og Vala Hjörleifsdóttir, forstöðumaður nýsköpunar og framtíðarsýnar OR í pallborði. Fundurinn var haldinn í beinu streymi.
- Engar ábendingar eða kvartanir frá viðskiptavinum eða starfsfólki og engin tilkynning til leyfisveitenda

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Styrkur brennisteinsvetnis hefur verið undir reglugerðarmörkum það sem af er ári en töluverð hækkun varð á gildum á höfuðborgarsvæðinu í febrúar í tengslum við minni afköst lofthreinsistöðvar.

Loftslagsmál

- Carbon Disclosure Project (CDP).** Umhverfismál OR munu skila aftur inn gögnum fyrir árið 2021.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl: Ekkert nýtt.

Mat á umhverfisáhrifum:

- Matsskylda hreinsistöðvar/Silfurbergaverkefnisins við Hellsheiðarvirkjun.** Vinna við fyrirspurn um matsskyldu stendur yfir. Carbfix hefur móttekið næstum allar umsagnir og er frestur til athugasemda liðinn. Umsagnir gáfu ekki tilefni til viðbragða af hálfu Carbfix. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun skeri úr um matsskyldu framkvæmdarinnar 9. mars n.k.
- Matsáætlun vegna mats á á umhverfisáhrifum niðurdælingar CO₂ á Hellsheiði** hefur verið send Skipulagsstofnun. Þetta er fyrsta umhverfismatið sem unnið verður á grundvelli innleiðingar tilskipunar um geymslu koldíoxíðs í jörðu, sem innleidd var í mars 2021. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun auglýsi matsáætlun í vikunni 28. febrúar - 4. mars n.k. Kynningartími matsáætlunar eru fjórar vikur. Að kynningartíma loknum hefst vinna við matsskýrslu (eiginlegt umhverfismat) framkvæmdarinnar.
- Umhverfismat Mountain lagoon,** Hveradölum. Í vinnslu innan OR samstæðunnar.

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason, forstjóri


Sendandi: Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar

Dagsetning: 24.02.2022

Auðlindauppgjör 2021

Hitaveita

Staða vatnsborðs allra jarðhitasvæða á höfuðborgarsvæðinu var góð 2021 og í hærra lagi seinni hluta síðasta ársins vegna vatnaskipta um sumarið. Þá var vinnsla lághitasvæða stöðvuð tímabundið á meðan hitaveituvatn frá virkjunum í Hengli dugði til að anna allri eftirspurn á höfuðborgarsvæðinu. Heildarnotkun dróst litillega saman í fyrra og vinnsla úr lághitasvæðum á höfuðborgarsvæðinu hefur örlítið dregist saman þrjú ár í röð sem er mjög ánægjuleg þróun (mynd 1). Minni notkun lengir líftíma svæðanna. Þessi árangur með minni vinnslu úr lághitasvæðum hefur náðst með markvissri forgangsröðun Veitna á notkun hitaveituvatns frá virkjunum þegar hægt er.



Mynd 1 Vinnsla lábitasvæða og virkjanavatn fyrir Hitaveitu á Höfuðborgarsvæði.

Litlar breytingar urðu á vinnslu jarðhitavatns fyrir Hlíðarveitu, Austurveitu, Norðurárdalsveitu, Skorradalsveitu, Munaðarnesveitu og Hitaveitu Akraness og Borgarness. Vatnsstaða í jarðhitakerfunum fyrir þessar veitur er sambærileg við undanfarin ár og er ekki áhyggjuefni.

Á Stykkishólmi dróst vinnsla lítilega saman á síðasta ári og hlutfall niðurdælingarvatns hækkar annað árið í röð. Vatnsborð heldur áfram að hækka í jarðhitakerfinu. Snörp vatnsborðslækkun varð þó í október, þegar tímabundið var dælt úr niðurdælingarholu. Það sýnir hversu mikilvægt niðurdælingin er til að halda uppi vatnsborði á svæðinu.

Í Grímsnesveitu jókst vinnsla litillega. Í haust var ný vinnsluhola tengd veitunni og vinnsla stöðvuð úr annarri. Vatnshiti er umtalsvert hærri úr nýju holunni og því hefur afl veitunnar aukist með hærri framrásarhita til notenda.

Í Rangárveitu jókst vinnsla töluvert á milli ára, aðallega vegna aukinnar vinnslu úr Kaldárholti. Aukin niðurdæling í Laugalandi veldur því að vatnsborð í jarðhitasvæðinu er hærra nú en árin á undan.

Vinnsla jarðhitavatns jókst töluvert í Þorlákshafnar- og Ölfusveitu bæði á Bakka-I og Bakka-II. Vatnsborð svæðanna lækkar með aukinni vinnslu en breytingarnar eru í takt við spár og eru ekki áhyggjuefni.

Lítið af áreiðanlegum gögnum eru til um heildarupptekt úr flestum holum í Hveragerði. Etir að djúpdælu var komið fyrir í holu HS-08 er vel haldið utan um vinnslugögn úr henni. Þar sést að vatnsborð í holunni lækkaði hratt eftir að dæling hófst en mælingar sýna hærri vatnsborðstöðu nú miðað við sama tíma í fyrra þrátt fyrir aukna vinnslu. Mælingar í eftirlitsholum sýna einnig litlar breytingar á vatnsborði í jarðhitakerfinu með vinnslu. Vatnsborðsstaða í kerfinu er því ekki eins slæm og óttast var í fyrra.

Neysluvatn


Öll sýni á síðasta ári tekin eru í reglubundnu eftirliti heilbrigðiseftirlitanna til að staðfesta gæði neysluvatns og stóðust neysluvatnsreglugerð. Á Vesturlandi voru tekin 35 eftirlitssýni og 103 í Reykjavík.

Heildarvinnsla úr vatnstökusvæðum Veitna í Heiðmörk var sambærileg við vinnslu síðustu ára en engin vöxtur hefur verið í vatnstöku Veitna á höfuðborgarsvæðinu frá 2008 þrátt fyrir að íbúum á veitusvæðinu hafi fjölgað um 15% (myndir 2 og 3). Á Akranesi, Hvanneyri, Stykkishólmi og Grundarfirði hefur vatnsvinnsla verið að dragast saman undanfarin ár. Mest er breytingin í Grundarfirði þar sem notkunin hefur meira en helmingast frá því sem mest var fyrir rúmum 10 árum.

Vöxtur í notkun er hlutfallslega mjög mikill í Reykholtssdal og er hann einna helst vegna mikillar notkunar í baðstaðnum Kraumu sem nýlega hóf að bjóða gestum að baða sig upp úr vatni frá Deildartunguhver. Þar er svo komið að nýtingarleyfi veitunnar (10 L/s) er fullnýtt og því þarf að sækja um auknar heimildir strax á þessu ári.


Vinnsla hefur staðið í stað síðustu þrjú árin í vatnsveitu Borgarness, Bifrastar og nærsveita eftir stöðugan vöxt árin þar á undan.

Mánaðarvatnsvinnsla Reykjavíkur, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes




Mynd 2. Mánaðarleg heildarvinnsla úr vatnstökusvæðunum Veitna í Heiðmörk árin 2008-2021. Hluttur neðra svæðis (aðalæð 1) er sýndur dökkeblár og hluttur Vatnsendakrika ljósblár (aðalæð 2).

Ársmeðalvinnsla Reykjavík, Mosfellsbær og Seltjarnarnes




Mynd 3. Ársmeðalvinnsla úr Vatnsendakrjúka (aðalæð 2), frá neðra svæði (aðalæð 1) og heildarvinnsla árin 2002-2021.

Háhit




Mynd 2 – Massavinnsla, niðurdæling og vermi

Massavinnsla á Hellisheiði var rétt rúmlega 38 milljón tonn sem er í útmörkun nýtingarleyfis á svæðinu. Verið er að sækja um aukna nýtingarheimild hjá Orkustofnun og úrskurðaði Skipulagsstofnun nú í febrúar að ekki þyrfti að fara í umhverfismat vegna þess. Ársmeðalvinnsla á köldu vatni úr Engidal jókst vegna meiri framleiðslu á heitu vatni til hitaveitu í Hellisheiðarvirkjun og var tæplega 900 l/s. Meiri ásókn í kalt vatn á heiðinni er fyrirsjáanleg vegna aukinnar heitaframleiðslu og notkunar í jarðhitagarði en nýtingarleyfi ON á svæðinu er 2000 l/s. Losun skiljuvatns á yfirborði var innan markmiða. Aukin áhersla á góðan rekstur lofthreinsistöðvarinnar skilaði sér í því að niðurdæling gass hefur aldrei verið meiri á Hellisheiði en árið 2021. Um 30% af CO₂ var dælt niður og um 79% af H₂S.




Mynd 3 - Gaslosun og niðurdæling á Hellisheiði


Á Nesjavöllum minnkaði vinnsla úr auðlindinni vegna minni framleiðslu en niðurdæling jókst milli ára. Gaslosun var einnig minni vegna minni framleiðslu en tilraunaniðurdæling á gasi hefst á Nesjavöllum í vor. Minna af köldu vatni til heitavatsframleiðslu var dælt úr Grámel vegna breyttra háttá í rekstri til að lágmarka auðlindasóun. Engu að síður er þörf á að endurnýja nýtingarleyfi fyrir kalt vatn á svæðinu til að gefa meira svigrúm til að auka framleiðslu á heitu vatni í framtíðinni. Markmið ON er að halda varmalosun á yfirborði á Nesjavöllum undir 60 MWth. Það markmið náðist ekki í ár vegna bilana í virkjuninni og Nesjavallaæð en meðaltalið var um 70 MWth.



Mynd 4 - Vinnsla, niðurdæling og vermi á Nesjavöllum



Mynd 5 - Gaslosun á Nesjavöllum



Mynd 6 - Varmalosun á Nesjavöllum